



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Félagsráðsfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 28.12.2010 kl. 18:00

Mættir:

Frá aðalstjórn – Snorri Olsen, Jóhann Steinar Ingimundarson, Pálína Hinriksdóttir og Þorsteinn Rafn Johnsen. Þorsteinn Þorbergsson boðaði forföll.

Frá fimleikadeild – Sigrún Dan Róbertsdóttir form, frá handknattleiksdeild – Baldur Ó Svavarsson form, frá knattspyrnudeild – Almar Guðmundsson formaður, frá sunddeild – Þórey Þórðardóttir ritari, enginn mætti frá almenningsíþróttadeild, blakdeild og körfuknattleiksdeild.

Einnig sátu fundinn Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir íþróttafulltrúi og Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var send út eftir þann fund. Engar athugasemdir.

2. Íþróttaskóli Stjörnunnar

JSI gerði grein fyrir stöðu mála varðandi íþróttaskólann. Stefnt er að yfirtöku fimleikadeilar á íþróttaskólanum. Vetrarskólinn í haust hefur gengið vel og stefna að sama sniði á vormisseri.

Mikilvægt er að tryggja að skólinn starfi þvert á deildir félagsins án þess að það leiði af sér neikvæð áhrif á starfsemi deildanna. Íþróttafulltrúi benti á mikilvægi þess að íþróttaskólinn tryggir einnig framboð fyrir þá sem ekki finna sig í hefðbundnu starfi deilda.

3. Siðareglur UMF Stjörnunnar

Íþróttafulltrúi kynnti endanlega útgáfu siðareglna félagsins. Góður rómur gerður að útgáfunni. Íþróttafulltrúi mun standa fyrir formlegri kynningu og dreifingu á nýju ári.

4. Búningamál félagsins

JSI fór yfir stöðuna í búningamálum félagsins og kynnti að vinnuhópur yrði kallaður saman á nýju ári. Stefnt að sameiginlegum utanyfirgalla í fyrstu umferð.

5. Fjármál félagsins

Formaður fór yfir stöðuna í fjármálum félagsins og kynnti niðurstöður fjárhagsáætlunar Garðabæjar varðandi styrki og framlög til Stjörnunnar.

Ljóst er verulegt tap verður á rekstri félagsins á árinu 2010 að róðurinn verður þungur á næsta ári. Aðalstjórn hefur ákveðið að afreksstyrkir til deilda á árinu 2011 verði 29 milljónir króna. Stefnt er að jafnvægi náist í rekstur félagsins á árinu 2011 og skuldir verði að fullu greiddar á árinu 2012.

6. Önnur mál

- a. ÞRJ vakti máls á nauðsyn þess að efla fjáröflunarstarf í félaginu, bæði á vettvangi deilda og eins fyrir félagið í heild í ljósi þess að ýmsir aðilar hafi lýst áhuga á að styðja félagið í heild og losna á móti við að svara deildum félagsins og einstökum einingum varðandi styrkbeiðnir. Formaður gerir ráð fyrir að taka málið upp á næsta fundi aðalstjórnar.

7. Myndataka

Fundi slitið 19:40

Ritað PGr